Selkórinn

Jólatónleikar

í Seltjarnarneskirkju

Sunnudaginn 3.desember 2023, kl. 16:00

Stjórnandi:

Sigrún Þorgeirsdóttir

Skráin gildir sem aðgöngumiði – miðaverð 3.000 kr.

Flytjendur

Selkórinn var stofnaður árið 1968 og var upphaflega kvennakór, en hefur starfað óslitið sem blandaður kór eftir að karlar gengu til liðs við hann árið 1976. Selkórinn hefur á ferli sínum sungið víða erlendis sem hérlendis þó Seltjarnarneskirkja sé ávallt helsta tónleikahúsið.

Sigrún Þorgeirsdóttir lauk 8. stigs prófi í söng frá Tónlistarskólanum í Reykjavík þar sem Sieglinde Kahmann var aðalkennari hennar. Leiðin lá síðan til Bandaríkjanna en hún lauk MM prófi í söng frá Boston University og stundaði síðan framhaldsnám í kórstjórn við Florida State University. Sigrún hefur starfað víða við tónlist, bæði sem söngvari og kórstjóri. Hún stjórnaði Kvennakór Reykjavíkur um rúmlega tólf ára skeið frá 1997-2009 og hefur sungið með Söngkvartettinum Rúdólf frá stofnun hans 1992. Hún stjórnaði Karlakórnum Stefni í Mosfellsbæ í sex ár 2016-2022. Sigrún tók við stjórn Selkórsins nú í haust. Sigrún hefur komið fram með kóra sína og sem söngvari á fjölda tónleika, bæði á Íslandi og erlendis, og eru geisladiskarnir orðnir sex talsins. Auk menntunar á tónlistarsviðinu hefur Sigrún BSc próf í efnafræði frá Háskóla Íslands og starfar sem skrifstofustjóri verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík.

Vignir Þór Stefánsson byrjaði átta ára gamall að læra á píanó í Tónlistarskóla Árnessýslu. Átján ára gamall var hann farinn að spila á dansleikjum með hljómsveitinni Karma. Hann stundaði djasspíanónám við Tónlistarskóla FÍH og lauk einnig tónmenntakennaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Árið 1995 fluttist Vignir til Haag í Hollandi til að leggja stund á djasspíanó í Konunglega Tónlistarháskólanum í Haag. Þaðan lauk hann mastersprófi vorið 2001. Samhliða náminu lék Vignir með djasshljómsveitum af öllum stærðum og gerðum. Hann lék einnig á hljómborð í söngleikjum fyrir stærsta söngleikjafyrirtæki Hollands. Eftir að hafa flutt aftur heim til Íslands hefur Vignir komið víða við í íslensku tónlistarlífi, á tónleikum, sjónvarpsþáttum og hljómdiskum. Hann hefur unnið mikið í leikhúsum og verið hljómborðsleikari í söngleikjum og nú síðast hljómsveitarstjóri í söngleiknum Chicago sem sýnt var hjá Leikfélagi Akureyrar. Hann sinnir kennslu og meðleik við Tónlistarskóla FÍH, Menntaskóla í Tónlist (MÍT) og Listaháskóla Íslands.

Brynhildur Þóra Þórsdóttir er alin upp í Kópavogi og hóf snemma nám við Tónlistarskóla Kópavogs þar sem hún lærði á selló hjá Arnþóri Jónssyni og bætti síðar við sig píanónámi hjá Nínu Margréti Grímsdóttur. Söngnámið stundaði hún við Söngskólann í Reykjavík undir leiðsögn Ólafar Kolbrúnar Harðardóttur og lauk þaðan framhaldsprófi. Brynhildur hlaut Bachelor gráðu frá Westminster Choir College í Princeton, New Jersey, Bandaríkjunum þar sem hún lærði hjá Zehava Gal og Lindsey Christiansen. Lauk hún síðan Meistaragráðu frá tónlistarháskólanum Hanns Eisler í Berlín, Þýskalandi. Þar stundaði hún nám hjá Normu Sharp. Hún hefur sótt námskeið m.a. hjá Dalton Baldwin, Julia Varady, Anne Schwanewilms og Peter Berne. Brynhildur söng við hátíð vegna 100 ára fullveldis Íslands í Moskvu, tók þátt í uppfærslum á Rosenkavalier eftir Strauss, Hans og Grétu eftir Humperdink og Cosí fan tutte eftir Mozart. Einnig hefur hún sungið á ýmsum tónleikum m.a. góðgerðartónleikum í Konzerthaus Berlin fyrir Lionsklúbbinn Berlín-Wannsee og sjálfstæðum tónleikum í Salnum, Kópavogi.

Efnisskrá

Nú kemur heimsins hjálparráð	Lag frá miðöldum / úts. Róbert Abraham Ottósson / Sigurbjörn Einarsson
Jólakvöld	Tryggvi M. Baldvinsson / Davíð Stefánsson
Jól	Bára Grímsdóttir / Grímur Lárusson
Ég vil lofa eina þá	Bára Grímsdóttir / gamalt helgikvæði
Maríukvæði	Atli Heimir Sveinsson / Halldór Kiljan Laxness
Ubi Caritas	Maurice Duruflé
Ubi Caritas	Ola Gjeilo
Heill þér himneska orð	Gabriel Fauré / Böðvar Guðmundsson
Laudate dominum	Mozart
Maria sitzt am Rosenhag	Max Reger / Martin Boelitz
A Maiden Most Gentle	Andrew Carter
Once in Royal David´s City	H.J. Gauntlett / C.F. Alexander
Spanish Lullaby	Andrew Carter
Vögguvísa á jólum	John Rutter / Sigfinnur Þorleifsson
Jólagjöfin	Gustav Holst / Sverrir Pálsson
Jól, jól skínandi skær	Gustaf Nordqvist / Reynir Guðsteinsson
Ó helga nótt	Adolph Adam / Sigurður Björnsson
Fögur er foldin	Þjóðlag frá Schlesíu úts. Anders Öhrwall / Matthías Jochumsson

Sópran

Arnheiður Bjarnadóttir
Bryndís Hákonardóttir
Dagný Björgvinsdóttir
Guðrún B. Vilhjálmsdóttir
Guðrún E. Gunnarsdóttir
Guðrún Kristinsdóttir
Guðrún Þorbjörg Björnsdóttir
Inga Erlingsdóttir
Margrét Þormar
Sif Þorsteinsdóttir
Þórunn Ólafsdóttir

Alt

Anna Karlsdóttir
Arndís Inga Sverrisdóttir
Birna E. Óskarsdóttir
Elísabet Dolinda Ólafsdóttir
Gígja Baldursdóttir
Gróa Pétursdóttir
Guðrún Hafsteinsdóttir
Helga Hjálmtýsdóttir
Hulda Hákonardóttir
Ingibjörg Svala Jónsdóttir
Kolbrún Kristiansen
Laufey Tryggvadóttir
Margrét Guðnadóttir
Ólöf Björnsdóttir
Sigríður Óskarsdóttir
Steinunn Hannesdóttir

Tenór

Bergþóra S. Þorbjarnardóttir
Birgir Finnsson
Guðmundur Ludvigsson
Gylfi Árnason
Haraldur Þráinsson
Jóna Borg Jónsdóttir
Kristinn Ingason
Sigurður Grétarsson
Þórir Ingason

Bassi

Hafþór Gylfason
Héðinn Valdimarsson
Jón Árnason
Knútur Árnason
Ludvig Guðmundsson
Sigurður Geirsson
Skúli Þór Magnússon

Þakkir fyrir veittan stuðning fá Seltjarnarnesbær, Tónlistarskólinn og Seltjarnarneskirkja

Við þökkum ykkur fyrir komuna og óskum gleðilegra jóla